



Umhverfis- og loftslagsstefna (rýnd og endurskoðuð desember 2021).

Framtíðarsýn: Ferðamálastofa leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum, takmarka eftir fremsta megni neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi og taka virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar í samræmi við markmið Parísarsamkomulagsins. Ferðamálastofa mun uppfylla ákvæði laga, reglugerða, alþjóðasamninga og samþykktra áætlana sem tengjast starfsemi.

Yfirmarkmið: Ferðamálastofa ætlar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) á stöðugildi um 50% fyrir árið 2030 miðað við árið 2019. Ferðamálastofa hefur kolefnisjafnað að hluta í gegnum Kolvið frá árinu 2018 og stefnir að fullri kolefnisjöfnun og þar með kolefnishlutlausri starfsemi árið 2022.

Gildissvið: Loftslagsstefna þessi varðar umhverfisáhrif innri rekstrar Ferðamálastofu og á við um alla starfsmenn okkar. Ferðamálastofa er með starfsstöðvar í Reykjavík og á Akureyri en er auk þess með 7 starfsmenn án starfsstöðvar víða um land og erlendis. Reynt er eins og kostur er að mæla þá umhverfisþætti, sem falla undir alla þessa starfsemi.

Umfang: Loftslagsstefna þessi fjallar um samdrátt í losun GHL í samræmi við leiðbeiningar um loftslagsstefnur ríkisaðila en einnig um umhverfisáhrif Ferðamálastofu í víðara samhengi. Stefnan tekur á eftirfarandi umhverfisþáttum:

Samgöngur: **1.** Losun GHL vegna flugferða innanlands **2.** Losun GHL vegna flugferða erlendis **3.** Losun vegna aksturs bílaleigu- og leigubíla **4.** Fjöldi samgöngusamninga við starfsmenn.

Orkunotkun: Rafmagns- og heitavatnsnotkun á starfsstöðvum í Reykjavík og á Akureyri.

Úrgangur: **1.** Losun GHL vegna lífræns úrgangs frá báðum starfsstöðvum **2.** Losun GHL vegna blandaðs úrgangs frá báðum starfsstöðvum **3.** Heildarmagn úrgangs frá báðum starfsstöðvum **4.** Magn útprintaðs skrifstofupappírs frá báðum starfsstöðvum **5.** Endurvinnsluhlutfall á báðum starfsstöðvum.

Innkaup: **1.** Hlutfall umhverfivottaðs skrifstofupappírs sem stofnunin kaupir **2.** Hlutfall umhverfivottaðrar prentþjónustu sem stofnunin kaupir **3.** Magn ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir sjálf **4.** Hlutfall umhverfivottaðra ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir sjálf **5.** Hlutfall umhverfivottaðrar ræstiþjónustu sem stofnunin kaupir.

Áherslur í umhverfis- og loftslagsmálum í anda Grænna skrefa: **1.** Minni losun GHL vegna samgangna, úrgangs og orkunotkunar **2.** Við eflum fjarfundarmenningu **3.** Minni úrgangsmýndun og aukin endurvinnsla **4.** Orkusparnaður **5.** Fræðsla starfsfólks um umhverfismál **6.** Hvatning til aukinnar umhverfisvitundar í samfélaginu **7.** Umhverfisvæn innkaup **8.** Ábyrg kolefnisjöfnun losunar okkar **9.** Notkun nýrra tæknilausna við umhverfisstarf.

Eftirfylgni: Grænt bókhald, fært frá árinu 2019, mun nýtast til stefnumótunar og aðgerða í umhverfis- og loftslagsmálum. Bókhaldið birtist á heimasíðu Grænna skrefa og er lykiltól í að rýna og endurskoða umhverfis- og loftslagsstefnu Ferðamálastofu, sem gert er árlega.

Umhverfis- og loftslagsstefna Ferðamálastofu skal vera vel sýnileg á skrifstofum og heimasíðu stofnunarinnar og endurskoðuð árlega.



Markmiðssetning og aðgerðaáætlun vegna loftslagsstefnu Ferðamálastofu.

Skjal þetta er hluti af loftslagsstefnu Ferðamálastofu og er ætlað að sýna markmið stofnunarinnar í að draga úr kolefnislosun, ná kolefnishlutleysi og einnig að sýna þær aðgerðir sem beitt verður til þess að ná sem bestum árangri.

Markmið

- Starfsfólk Ferðamálastofu ætlar frá árinu 2021 að draga úr kolefnislosun sem nemur 7% á ári til ársins 2035.
- Ferðamálastofa mun á sama tímabili tryggja, að öll losun og meira til verði kolefnisjöfnuð með sannanlegum hætti.

Aðgerðaáætlun

- Ferðamálastofa mun tryggja, að allir viðburðir á hennar vegum verði einnig í boði með stafrænum hætti og draga þannig úr ferðalögum gesta.
- Starfsfólk Ferðamálastofu mun draga af fremsta megni úr millilandaflugi og sækja ráðstefnur, fundi og vitneskju með öðrum hætti.
- Starfsfólk Ferðamálastofu mun draga af fremsta megni úr innanlandsflugi og sækja ráðstefnur, fundi og vitneskju með öðrum hætti.
- Starfsfólk Ferðamálastofu mun leggja áherslu á, að nýta rafbíla eða aðra vistvæna kosti þegar kemur að leigubílum eða bílaleigubílum.
- Starfsfólk Ferðamálastofu mun nýta alla þá þætti, sem finna má í Grænum skrefum til þess að draga úr kolefnislosun, minnka úrgang og matarsóun, nýta almenningssamgöngur o.s.frv.
- Fylgst verður með losunartölum í Grænu bókhaldi og tryggt, að kolefnisjafnað verði að fullu með ábyrgum hætti.